



Bæjarstjórn Garðabæjar 14. (873)/2020

Boðað er til 14. (873). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 1. október 2020 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2009028F - Fundargerð bæjarráðs frá 22/9 '20.
2. 2009039F - Fundargerð bæjarráðs frá 29/9 '20.
1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - Viðauki.
3. 2009020F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 16/9 '20.
4. 2009036F - Fundargerð íþróttu- og tómstundaráðs frá 25/9 '20.
5. 2008027F - Fundargerð leikskólanefndar frá 23/9 '20.
6. 2009029F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 24/9 '20.
7. 2006007F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 8/6 '20.
8. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 28/8 '20.
9. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 4/9 '20.
10. 2003480 - Fundargerð 24. eigendafundar Strætó bs. frá 7/9 '20.
11. 2003017 - Fundargerð 25. eigendafundar Sorpu bs. frá 7/9 '20.
12. 2009461 - Erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins varðandi mögulega breytingu á heilbrigðiseftirlitssvæðum, dags. 22.09.20.
13. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - Lántaka
14. 2009626 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um aðgerðaráætlun Garðabæjar í umhverfis- og loftlagsmálum.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
13. (872). fundur 2020

Fimmtudaginn 17. september 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir Ingvar Arnarson, Valborg Ösp Á Warén.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 3. september 2020 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2009010F - Fundargerð bæjarráðs frá 8/9 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., Covid19 – eftirfylgni með stöðu barna.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., Covid19 – eftirfylgni með stöðu barna.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 6. tl., bréf Styrktarsjóðs Garðasóknar varðandi ársreikning 2019.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., Covid19 – eftirfylgni með stöðu barna.

Björg Fenger, ræddi 2. tl., Covid19 – eftirfylgni með stöðu barna

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., Covid19 – eftirfylgni með stöðu barna og 6. tl., bréf Styrktarsjóðs Garðasóknar varðandi ársreikning 2019.

Fundargerðin sem er 8 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2009019F - Fundargerð bæjarráðs frá 15/9 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl., yfirlit frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga.

Gunnar Einarsson, ræddi 4. tl., yfirlit frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 23. tl., tilkynningu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi aðgerðaráætlun í plastmálum og 26. tl., afgreiðslu umhverfisnefndar varðandi tillögu að friðlýsingu Garðahrauns og strandlengju Álfstaness.

Ingvar Arnarson, ræddi 16. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra vegna lóðar fyrir búsetukjarna við Brekkuás og 26. tl., afgreiðslu umhverfisnefndar varðandi tillögu að friðlýsingu Garðahrauns og strandlengju Álfstaness.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 23. tl., tilkynningu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi aðgerðaráætlun í plastmálum, og 4. tl., yfirlit frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga.

Gunnar Einarsson, ræddi 16. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra vegna lóðar fyrir búsetukjarna við Brekkuás og 4. tl., yfirlit frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 4. tl., yfirlit frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl., yfirlit frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 4. tl., yfirlit frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að kynna samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulaglaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis á 5.04 Vþ í Urriðaholti fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Einnig skal tillagan kynnt sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd. Tillagan skal jafnframt kynnt öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins. (Mál nr. 2008336)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Kynningin skal auglýst með áberandi hætti. (Mál nr. 1811125)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar að Hraungötu 12, þar sem farið er fram á stækkun byggingarreits vegna rýmis neðanjarðar. (Mál nr. 2006070)

Bæjarstjórn samþykkir með sjö atkvæðum (SG, ÁHJ, SHJ, GVG, JS, AG, GE) tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Akrahverfis í tilefni umsóknar um stækkun og opnun á kjallararými o.fl. í einbýlishúsini að Frjóakri 9, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum Frjóakurs 7 og 10 og Byggakurs 18, 20, 22 og 24. (Mál nr. 2007640)

Þrí sitja hjá (SDS, IA, VÖÁW).

Björg Fenger, vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Bæjarstjórn samþykkir að heimila Lækjarkór ehf. landeigenda lands úr Sveinskoti milli byggðar í Asparholti og hesthúsasvæðis Sóta að láta vinna tillögu að deiliskipulagi svæðisins á sinn kostnað samkvæmt 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga. Skipulagslysing liggur fyrir. (Mál nr. 2006153)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis) samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. laganna. Í tillögunni er gert ráð fyrir að lóðin við Brekkuás 2 verði breytt úr leikskólalóð í lóð fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk. (Samfélagsþjónusta) (Mál nr. 2005435)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts í tilefni umsóknar um breytingu þakhalla, hæðarkota og legu bílastæða raðhúsalóðanna við Maríugötu 23-29, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

Grenndarkynna skal lóðarhöfum við Maríugötu 17-21, 26-28, 30-32, 31-37 og 34-40. (Mál nr. 2008275)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts í tilefni umsóknar um breytingu á húsagerð, lóðarmörkum, byggingarreitum og lóðarstærðum raðhúsalóðanna við Maríugötu 31-37 sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

Grenndarkynna skal lóðarhöfum við Maríugötu 23-29, 30-32, og 34-40. (Mál nr. 2007394)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. laganna. Í tillögunni er gert ráð fyrir að íbúðum í fjölbýlishúsini við Urriðaholtsstræti 42 fjölgi úr 9 í 10.

Lóðarhafa skal bent á að við fjölgun íbúða kemur til greiðslu gjalda til uppbyggingar skóla- og íþróttamála samkvæmt samningi um uppbyggingu byggðar í Urriðaholti og nemur gjaldið kr. 858.356 á íbúð m.v. BVT 741,4 stig í september 2020 og gjaldfellur við útgáfu á byggingarleyfi. (Mál nr. 2007239)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að leyfa útgáfu byggingarleyfis samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna lokunar svala íbúða á 1 hæð og framkvæmda við pall við fjölbýlishúsið að Lyngmóum 3. Grenndarkynning hefur farið fram samkvæmt 2. mgr. sömu greinar og barst ein athugasemd þar sem vakin var athygli á að framkvæmdir væru þegar hafnar og af þeim stafi óþægindi og óþrifnaður. Mál nr. 2003086)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu umhverfisnefndar um að leita eftir því við Umhverfisstofnun að strndlengjan á Álfanesi og Garðahraun efra, það sem ekki er nú þegar friðlýst, fari í friðlysingarferli. (Mál nr. 1902106)

Fundargerðin sem er 29. tl. er samþykkt samhljóða.

3. 2008028F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 2/9 '20.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., skýrslur grunnskólanna 2019-2020, 2. tl., skólabyrjun haustið 2020, 3. tl., grunnskólastarf á tímum kórónuveirunnar, 4. tl., menntadag í Garðabæ 2020, 5. tl., forvarnarviku í Garðabæ og 6. tl., foreldrarölt í Garðabæ.

Ingvar Arnarson, ræddi 4. tl., menntadag í Garðabæ 2020. Þá spurði Ingvar um stöðu kjarasamninga við kennara.

Gunnar Einarsson, ræddi stöðu kjarasamninga við kennara.

Fundargerðin lögð fram.

4. 2009015F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 10/9 '20.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 4. tl., kynningu á tillögu að deiliskipulagi fyrir norðurnes á Álfanesi og 5. tl., tillögu að breytingu á aðalskipulagi í tengslum við tillögur að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hnoðraholt, Vetrarmýri og nýtt deiliskipulag í Rjúpnadal.

Fundargerðin lögð fram.

5. 2009014F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 10/9 '20.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., störf umhverfishópa ungmenna sumarið 2020, 3. tl., útbreiðslu kerfils í Garðabæ og 5. tl., kvartanir vegna fjölgunar á mávum.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., störf umhverfishópa ungmenna sumarið 2020, 3. tl., útbreiðslu kerfils í Garðabæ, 4. tl., mengunarmælingar, 6. tl., lausagöngu katta og 8. tl., útivistarstíg frá Vífilsstaðavatni að Grunnuvatnaskarði.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 7. tl., lausagöngu katta í Garðabæ.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 7. tl., lausagöngu katta í Garðabæ og 8. tl., útivistarstíg frá Vífilsstaðavatni að Grunnuvatnaskarði.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi viðurkenningar umhverfisnefndar fyrir snyrtilegt umhverfi og þakkaði umhverfisnefnd fyrir vel unnið verk.

Fundargerðin lögð fram.

6. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 31/8 '20.

Fundargerðin lögð fram.

7. 2001161 - Fundargerð stjórnar SSH frá 7/9 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir ræddi 17. tl., ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og spurði um kærur vegna útboða. Þá ræddi Sara Dögg 8. tl. undirbúning Borgarlínu.

Ingvar Arnarson, ræddi 6. tl., stofnun verkefnaráðs varðandi Lyklafellslínu og 9. tl., skilavegi.

Gunnar Einarsson, ræddi 6. tl., stofnun verkefnaráðs varðandi Lyklafellslínu, 3. tl., samgöngusáttmálann 8. tl., undirbúning Borgarlínu, 9. tl., skilavegi og 17. tl., ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og upplýsti um stöðu kærumála.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 3. tl. samgöngusáttmálann 8. tl., undirbúning Borgarlínu og 6. tl., stofnun verkefnaráðs varðandi Lyklafellslínu.

Gunnar Einarson, ræddi að nýju 3. tl., samgöngusáttmálann og 8. tl., undirbúning Borgarlínu.

Fundargerðin lögð fram.

8. 2009306 - Tillaga að undirbúningi íþróttahátiðar og menningarhátiðar í fjölnota íþróttahúsi í Vetrarmýri

Gunnar Einarsson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu er hann flytur ásamt Björgu Fenger, formanni íþróttá- og tómstundaráðs og Gunnari Val Gíslasyni, formanni menningar- og safnanefndar.

„Bæjarstjórn samþykkir að hafinn verði undirbúningur að íþróttahátið og menningarhátið í Garðabæ á vormánuðum 2022 í nýju fjölnota íþróttahúsi í Vetrarmýri.

Íþróttá- og tómstundaráði og menningar- og safnanefnd er falið að hafa umsjón með undirbúnингi hátiðanna.“

Greinargerð:

Gert er ráð fyrir að nýtt fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri verði tilbúið til notkunar í desember 2021 og fullklárað í febrúar 2022. Mikilvægt er að hefja undirbúnинг að formlegri opnun hússins. Gert er ráð fyrir að íþróttá- og tómstundaráð og menningar- og safnanefnd verði með málid eftir atvikum á dagskrá sinni á meðan á undirbúningu stendur. Við undirbúnинг verði lögð áhersla á að undirstrika möguleika á fjölnota notkun hússins og að viðtæk samvinna og samráð verði við hina ýmsu hagsmunaaðila. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2021 og 2022 verði tekið tillit til nauðsynlegrar fjárfestingar í búnaði og tækjum vegna fyrirhugaðra hátiða.

Sara Dögg Svanhildardóttir ræddi framkomna tillögu og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Garðabæjarlistinn gagnrýnir harðlega forgangsröðun meirihlutans með þessari tillögu og telur það fjárhagslega óábyrgt ekki síst í ljósi stöðunnar að leggja fram tillögu um ótilgreind útgjöld árin 2021 og 2022 vegna hátiðarhalda meirihlutans í aðdraganda næstu sveitarstjórnarkosninga. Tillögunni fylgir engin greinargerð um umfang hátiðarinna sem haegt er að leggja mat á.

Bara fyrir árið 2020 er áætlað tap Garðabæjar um 1,3 ma. kr. og alveg óljóst hvernig staðan verður árið 2022. Á sama tíma og bókun liggur fyrir bæjarstjórn, þar sem þrýst er á ríkisvald til að mæta erfiðri stöðu Garðabæjar, óskar meirihlutinn hér eftir óutfylltum tékka í fjárhagsáætlunum næstu tveggja ára til að fagna opnun á íþróttahúsi í Vetrarmýri sem þegar er farið að kosta meira en áætlað var. Garðabæjarlistinn getur með engu móti samþykkt slíka tillögu.“

Ingvar Arnarson, ræddi framkomna tillögu og bókun.

Björg Fenger, ræddi framkomna tillögu og bókun.

Valborg Ösp Á Warén, ræddi framkomna tillögu og bókun.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi framkomna tillögu bókun.

Almar Guðmundsson, ræddi framkomna tillögu og bókun.

Sara Dögg Svanhildardóttir tók til máls að nýju

Tillagan samþykkt með átta atkvæðum (SG,ÁHJ,SHJ,GVG,JS,AG,BF,GE) gegn þremur (SDS,IA,VÖÁW)

9. 2009303 - Tillaga Garðabæjarlistans um árshlutauppgjör.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu um breytta framsetningu árshlutauppgjörs sveitarfélagsins um að þeim fylgi ítarlegri greinargerð en nú er. Í greinargerð skal, gerð grein fyrir fjárhagslegri stöðu sviða, stöðu á lóðasölu og viðaukum, þar sem við á. Árshlutauppgjör skal gefa skýra og gagnsæja mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og lagt fram á 3ja mánaða fresti.“

Greinargerð

Við í Garðabæjarlistanum teljum mikilvægt að við fjárhagsáætlunargerð liggi fjárhagsleg staða sveitarfélagsins fyrir, með eins gagnsæjum og upplýsandi hætti og mögulegt er. Í því felst að gerð sé grein fyrir stöðu hvers sviðs með greinargerð. Slíkt vinnulag styður enn frekar við aðhald og fagleg vinnubrögð stjórnsýslunnar og meðvitund um þá fjármuni sem eru undir. Þegar hefur komið fram að slíkt þurfi að styrkja, í úttekt Haraldar á stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Fyrirkomulag upplýsingagjafar um fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins, eins og hún er lögð fram, gefur almennum bæjarfulltrúa ekki nægjanlega yfirsýn yfir stöðuna að okkar mati. Fjárhagsáætlunargerð er vandasöm og til þess að vel takist til og til þess að bæjarfulltrúar geti tekið upplýstar ákvarðanir um forgangsröðun fjármagns skiptir máli að hafa eins góða yfirsýn og mögulegt er. Og aldrei er erindið brýnna en í þeim aðstæðum sem við okkur blasa nú.

Almar Guðmundsson, ræddi framkomna tillögu.

Ingvar Arnarson, ræddi framkomna tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framkomna tillögu.

Almar Guðmundsson, ræddi framkomna tillögu að nýju.

Sigurður Guðmundsson, ræddi framkomna tillögu.

Gunnar Einarsson, ræddi framkomna tillögu lagði til að tillögunni verði vísað til bæjarstjóra.

Gunnar Valur Gíslisson, ræddi framkomna tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju framkomna tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að vísa framkominni tillögu til bæjarstjóra.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 17. september 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddir
bæjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Valborg Ösp Á Warén, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar
37. (1945). fundur 2020**

Þriðjudaginn 22. september 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir, varaformaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - COVID19 - hættustig almannavarna.

Bæjarstjóri sagði frá fundi almannavarna sl. föstudag og fór nánar yfir helstu áherslur sem fram komu á fundinum. Þá sagði bæjarstjóri frá því að neyðarstjórn Garðabæjar hafi komið saman til fundar í gær og verið er að herða aðgerðir og aðgang að bæjarskrifstofunum. Leiðbeiningar hafa verið sendar til starfsmanna og upplýsingar til bæjarfulltrúa.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs sagði frá stöðu mála í skólunum en Leikskólinn Akrar er lokaður og ein deild á Leikskólanum Ásum vegna smita starfsmanna. Verið er að herða aðgerðir varðandi aðgengi utanaðkomandi aðila að húsnæði skólanna.

Félagsmálastjóri sagði frá takmörkunum á starfsemi eldri borgara, stöðu mála á sambýlum og öðrum þáttum starfseminnar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi sat fund bæjarráðs undir dagkráliðum 1 og 2.

2. 2008170 - Lausaganga katta í Garðabæ - Kynning

Á fund bæjarráð kom Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins og gerði grein fyrir framkvæmd eftirlits samkvæmt samþykkt um kattahaldi í Garðabæ. Almenn umræða var um lausagöngu bæði katta og hunda og í því sambandi rætt um skráningar, örmerkingar, kvartanir frá íbúum og fræðslu til dýraeigenda.

3. 2007120 - Andvaravellir 2A - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Magnúsi Kristinssyni, kt. 150953-3409, leyfi til að byggja hesthús að Andvaravöllum 2A.

4. 2006486 - Kinnargata 39 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Maríu Kristínu Jóhannsdóttur, kt. 110553-5449, leyfi til að byggja parhús að Kinnargötu 39.

5. 2006487 - Kinnargata 41 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gústaf Antoni Ingasyni, kt. 180178-5469 leyfi til að byggja parhús að Kinnargötu 41.

6. 2008581 - Litlabæjarvör 18 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Margréti Elsu Sigurðardóttur, kt. 080966-3349, leyfi til að byggja einbýlishús að Litlabæjarvör 18.

7. 2008212 - Miðskógar 7 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Guðjóni Ágústi Sigurðssyni, kt. 150854-4749, leyfi til að byggja við núverandi einbýlishús.

8. 2006012 - Reynilundur 11 - Tilkynningarskyld framkvæmd.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa um móttöku tilkynningar Margrétar Ragnarsdóttur, kt. 100683-5399 um framkvæmdir við stækkun bílskúrs sem teljast undanþegnar byggingarleyfi, sbr. grein 2.3.5. í byggingarreglugerð Um er að ræða viðbyggingu sem er innan byggingarreits, minni en 40 fm og á einni hæð, sbr. h-liður ofangreindrar greinar. Fyrir liggur greinargerð hönnuðar samkvæmt ákvæðinu.

9. 2007070 - Seinakur 8 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Guðrún Þórssdóttur, kt. 050295-2309, leyfi til að byggja einbýlishús að Seinakri 8.

Gunnar Valur Gíslason, vék sæti við umræðu og afgreiðslu málsins.

10. 2007390 - Seinakur 10 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Andra Þór Jónssyni, kt. 150980-3999, leyfi til að byggja einbýlishús að Seinakri 10.

11. 2003362 - Upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi minnkandi starfshlutfall og atvinnuleysi.

Lagðar fram upplýsingar varðandi þróun minnkandi starfshlutfalls og atvinnuleysis á tímabilinu maí - september. Rætt um að leita eftir nánari upplýsingum eftir atvinnugreinum og aldri varðandi atvinnuleysi í Garðabæ.

12. 2009377 - Tilkynning frá Reykjavíkurborg varðandi kynningu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur - sérstök búsetuúrræði.

Bæjarráð vísar málínu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

13. 2009376 - Tilkynning frá Reykjavíkurborg varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur - Nýi Skerjafjörður.

Bæjarráð vísar málínu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

14. 2009375 - Tilkynning frá Reykjavíkurborg varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur - stefna um íbúðarbyggð - stakir reytir.

Bæjarráð vísar málínu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

15. 2009225 - Tilkynning frá Umhverfisstofnun varðandi tillögu að starfsleyfi fyrir Gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs., dags. 04.09.20.

Lögð fram til kynningar.

16. 2009223 - Áskorun Sambands íslenskra handverksbruggara til dómsmálaráðherra.

Lögð fram áskorun Sambands íslenskra handverksbruggara þar sem skorað er á dómsmálaráðherra að leggja fram frumvarp um netverslun með áfengi á nýjan leik og tryggja handverksbrugghúsum rétt til að selja gestum sínum vörur á staðnum.

17. 2009395 - Bréf Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu varðandi styrk fyrir Samveru og súpu.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 22. september 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar
38. (1946). fundur 2020**

Þriðjudaginn 29. september 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - COVID19 - hættustig almannavarna.

Bæjarstjóri sagði frá því að búið er aðgreina bæjarskrifstofurnar í tvö hólf, hluti starfsmanna vinnur heima og flestir fundir eru haldnir með fjarfundarbúnaði.

Bæjarstjóri sagði frá fundi almannavarna sl. föstudag og var farið yfir kynningarrefni frá fundinum og sagt frá helstu áherslum.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsvið gerði grein fyrir stöðunni í leik- og grunnskólum en allir skólar bæjarins starfa eðlilega miðað við aðstæður í Covid.

Rætt var um verklagsreglur sem eru í gildi þegar smit kemur upp í skólum.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sat fund bæjarráðs undir dagskrárlíðum 1-4.

2. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024).

Fjármálastjóri gerði grein fyrir vinnu við fjárhagsáætlun en gögn hafa verið send til forstöðumanna og sviðsstjóra til frekari viinnum. Gera má ráð fyrir að tillögur forstöðumanna liggi fyrir í byrjun október og fyrstu drög liggi fyrir eftir miðjan október.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir viðræðum við ríkið um aðgerðir til að styðja við sveitarfélögin og upplýsti um stöðu byggðasamlaganna.

3. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - Lántaka.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir tillögu um lántöku, hjá Láanasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 500 mkr verðtryggt með 0,75% föstum vöxtum. Lánið er jafngreiðslulán til 14 ára.
Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.

Fyrir liggja drög að lánssamningi.

4. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - Viðauki.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir viðaukum nr. 7 við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2020.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 7 við fjárhagsáætlun 2020 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki 7.

Í fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir lántöku að fjárhæð 1.800 m.kr. Með viðauka nr. 1 sem samþykktur var í bæjarstjórn 04.06.2020 var samþykkt hækkun á lántöku að fjárhæð 375 mkr eða samtals lántökuheimild 2.175 mkr

Lagt er til að lántökuheimild ársins hækki um kr. 500 mkr og verði 2.675 mkr.

5. **2007660 - Litlabæjarvör 22 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Magnúsi Þór Hjálmarssyni, kt. 130482-3419 leyfi til að byggja einbýlishús að Litlabæjarvör 22.
6. **1802203 - Brekkugata 8 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Fagsmiði Fasteignum ehf., kt. 431013-0100 leyfi til að stækka svalir, fjarlægja glugga og staðsetja garðskála á svölum raðhúss sem er í byggingu á lóðinni að Brekkugötu 8.
7. **2009405 - Áskorun Félags atvinnurekenda til sveitarfélaga varðandi álagningu fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði, dags. 18.09.2020.**
Lögð fram áskorun Félags atvinnurekenda til sveitarfélaganna um að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði við gerð fjárhagsáætlana fyrir árið 2021.
Bæjarráð vísar áskoruninni til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.
8. **2009471 - Tölvupóstur AT varðandi framkvæmdir við stækkun bílskúrs að Reynilundi 11.**
Lagður fram tölvupóstur Albínu Thordarson þar sem mótmælt er framkvæmdum við stækkun bílskúrs raðhússins að Reynilundi 11.
Bæjarráð vísar til samþykktar frá síðasta fundi á afgreiðslu byggingarfulltrúar vegna tilkynningar um framkvæmd sem undanþegin er byggingarleyfi samkvæmt grein 2.3.5 í byggingarreglugerð.
9. **2009461 - Bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytisins varðandi mögulega breytingu á heilbrigðiseftirlitssvæðum, dags. 22.09.2020.**
Bæjarráð vísar málínu til umfjöllunar og afgreiðslu bæjarstjórnar.
10. **2009499 - Bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um kæru á ákvörðun um grenndarkynningu vegna óverulegrar breytingar á deliskipulagi Akrahverfis, dags. 23.09.2020.**
Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 25. september 2020 þar sem kærunni er vísað frá.
11. **2009500 - Bréf Hestamannafélagsins Spretts varðandi niðurfellingu fasteignagjalda árið 2020, dags. 20.09.2020.**
Bæjarráð samþykkir að veita Hestamannafélaginu Spretti styrk að fjárhæð kr. 2.133.366 til greiðslu fasteignagjalda.
12. **2009544 - Bréf Hestamannafélagsins Spretts varðandi notkun reiðstíga til hjólreiðakeppni, dags. 25.09.2020.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara bréfinu.

13. 2009224 - Bréf Aflsins um styrk árið 2021, dags. 18.09.2020.

Bæjarráð visar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.

14. 2009501 - Bréf íbúa við Smáraflót varðandi framkvæmdir við götuna, dags. 20.09.2020.

Í bréfinu er vísað til ófullnægjandi frágangs á malbikun götunnar og skilum verktaka á framkvæmdum við götuna.

Bæjarverkfræðingur gerði grein fyrir framkvæmdum við endurnýjun lagna og frágangs á yfirborði við Lindarflót og Smáraflót. Fram kom að fyrirhugað er að laga frágang á malbiki á Smáraflót þegar aðstæður leyfa.

Bæjarráð þakkar íbúum við Smáraflót fyrir góðar ábendingar og felur tækni- og umhverfissviði að undirbúa nauðsynlegar lagfæringa varðandi frágang á malbiki.

15. 2007149 - Tilboð í byggingarrétt einbýlishúsalóða við Ægisgrund 3, og 5 og Brúnás 12.

Á fundinum voru opnuð umslög með tilboðum í lóðirnar við Ægisgrund 3, Ægisgrund 5 og Brúnás 12.

Alls bárust tvö tilboð í lóðina við Ægisgrund 3, þrjú tilboð í lóðina við Ægisgrund 5 og ekkert tilboð í lóðina við Brúnás 12.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi tilboð með fyrirvara um staðfestingu á fjármögnun og undirritun úthlutunarsamnings í samræmi við söluskilmála.

Ægisgrund 3 kr. 24.000.000 án gatnagerðargjalda, bjóðandi Sumardalur ehf., kt. 510995-2369.

Ægisgrund 5 kr. 24.000.000 án gatnagerðargjalda, bjóðandi Sumardalur ehf., kt. 510995-2369.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 29. september 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun
viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar 8. fundur 2020

Miðvikudaginn 16. september 2020 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigþrúður Ármanн aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi og Snædís Björnsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, umsjónarfélagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2005435 - Búsetukjarni Brekkuás 2, breyting á deiliskipulagi Hraunsholts

Tekið er fyrir mál nr. 2005435 búsetukjarni Brekkuás 2.

Skipulagsnefnd vísaði málínun til fjölskylduráðs til kynningar. Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri og Pála Marie Einarsdóttir sitja fundinn undir þessum lið og kynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ásahverfis (Hraunsholt vestra) vegna fyrirhugaðs búsetukjarna í Brekkuási 2. Búsetukjarninn gerir ráð fyrir 6 íbúðum ásamt aðstöðu fyrir starfsfólk. Auk þess eru lagðar fram innsendar ábendingar sem bárust á forkynningarstigi.

Skipulagsstjóri gerir grein fyrir málínun og mögulegum staðsetningum fyrir fleiri búsetukjarna. Fjölskylduráð leggur áherslu á að unnið verði markvisst að undirbúningi fleiri búsetukjarna fyrir fatlað fólk.

2. 1909412 - Reglur um skammtímadrvöl fyrir fatlað fólk

Tekið er fyrir mál nr. 190412 reglur um skammtímadrvöl fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Pála Marie Einarsdóttir, umsjónarþroskaþjálfí situr fundinn undir þessum lið. Fyrir fundinum liggja drög að reglum sem eru samhljóða fyrir sveitarfélögin, Garðabæ, Kópavog, Hafnarfjörð, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

Reglurnar öðlast gildi fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig þegar bæjarstjórn hefur samþykkt þær. Fjölskylduráð fjallar um drögum og samþykkir að senda þau til kynningar í samráðshópi um málefni fatlaðs fólks og til afgreiðslu bæjarráðs.

3. 2007267 - Beiðni um úttekt á stuðningsfjölskyldu

Tekið er fyrir mál nr. 2007267 beiðni um úttekt í tengslum við umsókn um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda.

Berglind Sveinbjörnsdóttir, ráðgjafi í barnavernd situr fundinn undir þessum lið. Greinargerð barnaverndar Garðabæjar vegna úttektar á stuðningsfjölskyldu lögð fyrir fjölskylduráð.

Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að mæla með útgáfu leyfis. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

4. 2009055 - Bæklingur 2.0 um áhrif áfengis á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Tekið er fyrir mál nr. 2009055 bæklingur bindindissamtakanna IOGT um áhrif áfengis á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Bæjarráð vísar bréfinu til kynningar í fjölskylduráði. Lagt fram og rætt.

5. 2008406 - Ný gæðaviðmið fyrir félagslega þjónustu við fatlað fólk.

Tekið fyrir mál nr. 2008406 - Gæðaviðmið fyrir félagslega þjónustu við fatlað fólk.

Gæðaviðmiðin eru ekki fyrirmæli eða tilskipanir á borð við laga- eða reglugerðarákvæði. Þau eru hugsuð til leiðsagnar fyrir sveitarfélög og aðra þá sem veita fötluðu fólk í þjónustu. Þeim er ætlað að gagnast eftirlitsaðilum, þjónustuveitendum og notendum þjónustunnar bæði við innra og ytra mat.

Sameiginlegt verkefni hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, utan Reykjavíkur, er innra eftirlit með starfsstöðvum á svæðinu. Ráðinn hefur verið verktaki til starfsins og er kostnaður greiddur af Jöfnunarsjóði.

Í þeirri vinnu hafa verið skilgreindir ákveðnir gæðavísar sem fjölskylduráð telur mikilvægt að samræmdir séu við gæðaviðmið GEF.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar

22. fundur 2020

Föstudaginn 25. september 2020 kl. 15:00 kom íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson aðalmaður og Kári Jónsson íþróttatómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttá-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2008612 - Forvarnavika í Garðabæ 2020

Forvarnavika Garðabæjar verður haldin 7.-14.október nk. Drög að dagskrá eru kynnt ásamt kostnaði við viðburði og forvarnaefni.

2. 2009026 - Götuvaktin forvarnamál

ÍTG samþykkir að setja af stað tilraunaverkefni haustið 2020 til að draga úr óæskilegri hópamynndun og eftirlitslausum samkomum unglings í Garðabæ. Verkefnið er samstarfsverkefni félagsmiðstöðvanna sem sjá um að manna bíl þegar "Götuvaktin" fer af stað. Verkefnið er fjármagnað af fjölskyldusviði og forvarnasjóði ÍTG. Framlag til verkefnisins er kr. 1.000.000,-

3. 2009055 - Bæklingur 2.0 um áhrif áfengis á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

ÍTG tekur undir skaðsemi áfengis og hvetur fólk til hófsemi í meðferð þess, einkum í nálægð barna og ungmenna.

4. 2009207 - Umræður um íþróttastarf eldri borgara

Umræða um fyrirkomulag á skipulagi á íþróttum aldraðra af hálfu Garðabæjar. FEBG hefur haldið úti starfi samhlíða þjónustu Jónshúss. Síðustu 6 mánuði hefur ekkert verið í boði hjá Garðabæ vegna Covid 19 og sóttvarna í skólahúsnaði/íþróttahúsum. FEBG merkir mikla eftirspurn meðal sinna félagsmanna eftir tilboðum til eldriborgara.

5. 2002322 - Staða ungmannaráða í sveitarfélögum

ÍTG fjallaði um skipun fulltrúa í Ungmannaráð sveitarfélaga og reglur um það í ljósi bréfs Umboðsmanns barna. Samband íslenskra sveitarfélaga er með málid í skoðun og mun ÍTG fylgjast með þróun mála. Komið er að endurnýjun í Ungmannaráð Garðabæjar.

6. 2009336 - Velsæld íbúa Garðabæjar til heilsueflingar

Lokaskýrsla um "Velsæld íbúa Garðabæjar" var kynnt og farið yfir forsendur og helstu niðurstöður. ÍTG tekur undir þörf á nánari greiningu á stöðu og líðan aldurshópsins 18-44 ára eins og lagt er til í skýrslunni. Einnig að skoðað verði að fá heilsuræktarstöð fyrir almenning í Garðabæ í ljósi þess hve margir af yngri kynslóðinni leita út fyrir bæjarmörkin eftir slíkri þjónustu.

7. 2009552 - Úthlutun úr 19. júní sjóði

Rætt var um nýjar úthlutunarreglur og áhugaverð verkefni til eflingar fyrirmynnda í íþróttum kvenna í Garðabæ. Unnið verður fram að næsta fundi ÍTG að því að móta slíkt verkefni í framhaldi af summarátakinu sl. summar sem unnið var með Stjórnunni og UMFÁ.

Önnur mál:

- a. Tilraunaopnun er í gangi í félagsmiðstöðvunum fyrir 16-18 ára eitt kvöld í viku, sem vísir að "ungmennahúsi".
- b. Unnið er að því að útbúa kynningarefni um hvatapeninga og nýtingu þeirra. Er ætlunin að hvetja sérstaklega elstu árgangana til að nýta sér hvatapeningana en þar hefur nýtingin verið minni en í yngri árgöngunum.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar

16. fundur 2020

Miðvikudaginn 23. september 2020 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Ásta Kristín Valgarðsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Benedikt D. Valdez Stefánsson fulltrúi foreldra og Kristín Þóra Garðarsdóttir fulltrúi starfsmanna.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2009313 - Starfsáætlun leikskólanefndar

Starfsáætlun vetrarinns lögð fram til umfjöllunar. Sérstök áhersla verður lögð á öryggi barna í leikskólaumhverfinu.

2. 2009312 - Áhrif COVID 19 í leikskólum

Nefndin upplýst um stöðu í leikskólunum varðandi COVID 19.

3. 2008615 - Menntadagur í Garðabæ 2020

Menntadagurinn verður blásinn af í þeiri mynd sem verið hefur og lagt verður upp með rafræna fræðslu fyrir kennara og starfsfólk leikskóla.

4. 2008612 - Forvarnarvika í Garðabæ 2020

Fjallað var um áhersluþætti forvarnarviku og leggur leikskólanefnd áherslu á mikilvægi þess að byrja forvarnir í leikskólum.

5. 2006262 - Beiðni um tilfærslu á starfsdegi 2021

Samþykkt var beiðni Sunnuhvols um flutning á starfsdegi frá 26.05 til 22.04 '20.

6. 2009445 - nýjir stjórnendur

Leikskólanefnd var upplýst um nýja stjórnendur á Hæðarbóli og leikskóladeild Flataskóla.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar

3. fundur 2020

Fimmtudaginn 24. september 2020 kl. 08:00 kom skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar saman til fundar Fjarfundur.

Fundinn sátu: Eiríkur Þorbjörnsson, Einar Örn Magnússon, Sigrún Gísladóttir, Sólveig Guðrún Geirs dóttir, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir og Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir, skólastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2009417 - Skólastarf TG 2020-2021.

Skólastjóri fór yfir upphaf skólastarfs. Í skólanum eru nú 490 nemendur og 50 starfsmenn, kennslustaðir eru átta. Skólastarfið fór af stað með hefðbundnum hætti þrátt fyrir þær aðstæður sem uppi eru vegna Covid19. Reynt er að tryggja öryggi nemenda og kennara eins og kostur er með auknum sóttvörnum og með því að takmarka aðgang utanaðkomandi aðila að húsnæði skólans eins og hægt er. Í dag eru um 200 börn á biðlista við skólann.

2. 2009417 - Undirbúningur undir fjárhagsáætlun vegna 2021.

Formaður fór yfir ferlið við undirbúning áætlanagerðarinnar. Umræða var á fundinum um áherslur TG við fjárhagsáætlunina. Skólastjóri mun óska eftir auknum stöðugildum við skólann, fjármagni til búnaðarkaupa og til að hljóðeinangra kennslustofu á Álfstanesi.

3. 1908321 - Endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar

Skólanefnd tónlistarskólans leggur áherslu á forvarnargildi tónlistar og tónlistarkennslu.

4. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Lagt fram til kynninga. Formanni og skólastjóra falið að taka saman minnispunkta um málefnið.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Stjórn Hönnunarsafns Íslands
03. fundur 2020

Mánudaginn 8. júní 2020 kl. 10:00 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Kristín B Björgvinsdóttir aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2003002HO - Dagatal Hönnunarsafn 2020

Farið yfir sýningar og viðburði 2020 - 2022
Ársskýrla 2019 afhent.

2. 1903003HO - Húsnæðismál Hönnunarsafns Íslands

Staðan á fjölnotarými er sú að Reginn er að endurnýja glugga og mun í framhaldinu mála rýmið, lagfæra rafmagn og setja upp brunahurð. Búið er að hreinsa og lagfæringar rými í kjallara fyrir framan geymslur. Garðabær sá um þær framkvæmdir.

3. 1911001HO - Markaðsmál 2020

Ákveðið var að stefna að því hafa frítt inn á safnið á meðan sýningin 100% ULL stendur yfir. Þetta er gert í til kynningar á safninu.

Stafræn tilvist safnsin skiptist í þrennt instagram (áhersla á daglegt starf safnsins), facebook (áhersla á sýningar, viðburði, umræðu og söfnun) og heimasiða safnsins sem nú er í endurskoðun.

4. 1908001HO - Hönnunarskóli Hönnunarsafns Íslands

Nemendur skólans voru ánægðir með námskeiðið sem hefur verið endurskoðað í samtali við þau. Boðið verður upp á námskeiðið aftur í haust í samstarfi við Klifið.

5. 2003001HO - Rekstur 2019

Þessi liður féll niður

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fulgild rafraen undirskrift
BJARNI TORFI ÁLFÞÓRSSON
Kennitala: 080560-3709
2020-09-12 16:13:41 GMT
Astaða: Undirskrift

Fulgild rafraen undirskrift
ÁGÚST BJARNI GARÐARSSON
Kennitala: 200967-2539
2020-09-14 08:35:21 GMT
Astaða: Undirskrift

Fulgild rafraen undirskrift

LÍF MAGNEUDÓTTIR
Kennitala: 130874-6069
2020-09-12 17:10:33 GMT
Astaða: Undirskrift

Fulgild rafraen undirskrift
BIRKIR JÓN JÓNSSON
Kennitala: 240779-5289
2020-09-14 09:55:21 GMT
Astaða: Undirskrift

Fulgild rafraen undirskrift

KOLBRÚN G ÞORSTEINSDÓTTIR
Kennitala: 190867-5369
2020-09-13 18:14:07 GMT
Astaða: Undirskrift

Fulgild rafraen undirskrift

JÓNA SÆMUNDSDÓTTIR
Kennitala: 190359-2169
2020-09-14 08:22:36 GMT
Astaða: Undirskrift

IST ISO 9001

IST ISO 14001

IS 709269

EQ 670610

J12

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

432. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 28. ágúst 2020. Fundurinn var settur kl. 07:34 og frestað klukkan 09:09 sama dag til 4. september 2020. Fundi var fram haldið klukkan 07:34 4. september. Fundurinn er haldinn á skrifstofu SORPU bs. að Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík en er jafnframt fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt:

Ágúst Bjarni Garðarsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Gestur á fundinum er Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður. Haraldur Flosi vék af fundi undir lið 11.2.

Theodór S. Sigurbergsson endurskoðandi og Lárus Finnbugason, formaður endurskoðunarnefndar Reykjavíkur, sitja fundinn undir lið 2.

Jón Viggó Gunnarsson, sérfræðingur í markaðs- og tæknipróun, situr fundinn undir lið 5.

Líf Magneudóttir, Helgi Þór Ingason, Guðrún Eva Jóhannesdóttir og Haraldur Flosi Tryggvason sóttu fundinn á Gylfaflöt 5. Gunnar Dofri Ólafsson sat fundinn á skrifstofu SORPU bs. 28. ágúst en sótti fundinn með fjarfundarbúnaði 4. september. Aðrir fundarmenn sóttu fundinn með fjarfundarbúnaði.

Tekið fyrir:

1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Skýrsla framkvæmdastjóra og staða og horfur í rekstri og fjárfestingum rædd.

2. 6 mánaða uppgjör

Guðrún Eva Jóhannesdóttir fer yfir 6 mánaða uppgjör ásamt Theodóri S. Sigurbergssyni og Lárusi Finnbugasyni. Málið rætt. Uppgjörið var samþykkt af öllum stjórnarmönnum.

Stjórn bókar að fjármálastjóri SORPU fari reglubundið yfir stöðu krafna samlagsins og þróun þeirra.

3. Drög að áætlun 2021

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fara yfir helstu forsendur áætlunar og kynna vinnuferlið framundan. Málið rætt.

4. Staðan í uppkeyrslu móttöku- og flokkunarstöðvar og GAJA

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu uppkeyrslu móttöku- og flokkunarstöðvar og GAJA. Tafir á verkefnunum hafa leitt til kostnaðarauka. Ástæður tafa ræddar. Málið rætt og óskað eftir minnisblaði á næsta fundi stjórnar.

5. Markaðspróun vegna metans og moltu, staðan

Jón Viggó Gunnarsson gerir grein fyrir stöðu á sölu metans og ráðstöfun moltu. Málið rætt.

6. Minnisblað um IT mál, m.a. endurnýjun fjárhagskerfis

Minnisblað kynnt.

7. Fyrirætlanir um umbætur á fyrirkomulagi innkaupa

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir greiningu á stöðu innkaupamála og áætlun um umbætur sem til stendur að gera á innkaupamálum SORPU.

8. Áætlun um samráðsferli vegna grænna gjaldskráa

Gunnar Dofri Ólafsson gerir grein fyrir áætlun SORPU um samtal við samfélagið vegna grænna gjaldskráa. Málið rætt.

9. Minnisblað um fyrirkomulag endurvinnslustöðva

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað frá Guðmundi Tryggva Ólafssyni, rekstrarstjóra endurvinnslustöðva, um fyrirkomulag endurvinnslustöðva. Málið rætt og ákveðið að vísa því til eigendafundar 7. september.

10. Ráðningarárferli framkvæmdastjóra

Stjórn ræðir fyrirhugað ráðningarárferli framkvæmdastjóra. Stjórn ákveður samhljóða að fela formanni og varaformanni að hefja ráðningarárferlið með því að leita tilboða vegna ráðgjafar við ráðningu framkvæmdastjóra.

11. Önnur mál**11.1. Ársskýrsla 2019**

Framkvæmdastjóri leggur fram ársskýrslu SORPU ársins 2019.

11.2. Framhald á samningi við Harald Fosa Tryggvason

Líf Magneudóttir leggur til að formanni og varaformanni verði falið að gera nýjan samning við Harald Fosa Tryggvason og að hann haldi áfram störfum sem ráðgjafi stjórnar við afmörkuð verkefni. Stjórn samþykkir tillöguna einróma.

11.3. Áhættustefna

Framkvæmdastjóri leggur til að Gunnar Tryggvason verkfræðingur verði fenginn til að leiða vinnustofu með stjórn og helstu stjórnendum SORPU til að móta áhættustefnu fyrir SORPU. Stjórn samþykkir tillöguna einróma.

11.4. Málshöfðun fyrrverandi framkvæmdastjóra gegn SORPU

Haraldur Fosi Tryggvason gerir stjórn grein fyrir stöðu mála vegna málshöfðunar Björns H. Halldórssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra SORPU, á hendur SORPU vegna uppsagnar hans.

12. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 28. september klukkan 14:15.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 09:07 4. september 2020.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

327. fundur

Föstudaginn 4. september 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórn Strætó bs. að Hálsabraut 2, Kópavogi og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Hjálmar Sveinsson (HS) , Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir sviðsstjóri gæða- og mannauðssviðs.

Dagskrá fundar:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2021-2025, forsendur og drög að áætlun.
2. Innra eftirlit hjá Strætó.
3. Leiðakerfismál.
 - a. Garðabær – þjónusta í Urriðaholti.
 - b. Grafarvogur – breyting skv. tillögu.
 - c. Áhættumat á nýju leiðaneti.
4. Greiðslukerfi – staðan.
5. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk.
 - a. Heimild til að ganga til samninga.
 - b. Staðan í dómsmáli.
6. Kostnaðargreining rekstrar og fjárfestingargetu Strætó.
7. Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2021 – 2025, forsendur og drög að áætlun

Framkvæmdastjóri kynnti útkomuspá ársins 2020 og drög að forsendum fyrir fjárhags- og starfsáætlun 2021 – 2025. Mikil óvissa er um útkomu ársins 2020, en skv. nýjustu útkomuspá er gert ráð fyrir tali upp á um 600 m.kr. á árinu. Í forsendum fjárhagsáætlunar er gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaganna hækki í samræmi við þjóðhagsþá frá júní 2020.

Samkvæmt eigendastefnu Strætó skal eigendafundur ákvarða forsendur fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins. Fyrirliggjandi forsendur og drög að fjárhags- og starfsáætlun 2021-2025 verða lagðar fyrir eigendafund Strætó bs. þann 7. september nk.

2. Innra eftirlit hjá Strætó

Framkvæmdastjóri kynnti hvernig framkvæmd innra eftirlits hjá Strætó er háttað.

3. Leiðakerfismál

Sólrun S. Skúladóttir, sérfraðingur í skipulagsdeild Strætó, kynnti fyrirhugaða þjónustu Strætó í Urriðaholtshverfi í Garðabæ eftir nýrri leið 22 sem hefst núna í september. Um er að ræða tilraunaverkefni í eitt ár þar sem ekið er eftir áætlun með minni tegund af vagni (18 manna) á annatíma á virkum dögum og notast er við þöntunarþjónustu að öðru leyti. Unnið verður að áframhaldandi þróun leiðarinnar í samræmi við uppbyggingu hverfisins þ.m.t. hugsanlega tengingu leiðarinnar við leið 23-Álftanes þegar fram líða stundir.

Einnig voru lagðar fram og kynntar hugmyndir að breytingum á leiðakerfi Strætó í Grafarvogi. Áfram verður unnið í að skoða breytingar í Grafarvogi og nánari tillögur lagðar fyrir stjórn þegar þær liggja fyrir.

Framkvæmdastjóri fór yfir áhættumatsgreiningu sem unnin var í tengslum við innleiðingu nýs leiðanets. Til skoðunar er að áhættugreining verði flokkuð eftir sveitarfélögum þar sem við á.

4. Greiðslukerfi - staðan

Daði Áslaugarson, deildarstjóri upplýsingatækni hjá Strætó, kynnti stöðuna á nýju rafrænu greiðslukerfi. Fyrirséð er að tafir verði á gangsetningu greiðslukerfisins, en fjárfestingarkostnaður er innan fjárhagsramma verkefnisins.

5. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk

- a) Framkvæmdastjóri Strætó óskaði eftir heimild til að ganga frá samningi við Hópbíla á grundvelli útboðs sem fram fór í mars 2020 og í samræmi við tilkynningu til Hópbíla dagsetta 21. júlí varðandi endanlegt samþykki tilboðs. Stjórn heimilaði framkvæmdastjóra að ganga frá samningi.
- b) Farið yfir stöðuna í dómsmáli vegna forgangsröðunnar í akstri á grundvelli rammasamnings um ferðaþjónustu fatlaðra og fatlaðra skólabarna. Fyrir fundinum lá tölvubréf frá lögmanni Strætó, dags. 31.08.2020, þar sem kynnt er tillaga lögmannsins að lúkningu málsins með greiðslu bóta til stefnenda. Stjórn samþykkir að veita lögmanni Strætó heimild til að ganga frá málinu í samræmi við fyrirliggjandi tillögu hans.

6. Kostnaðargreining rekstrar og fjárfestingargetu Strætó

Í framhaldi af umræðu á síðasta fundi kynnti Steinþór Pálsson frá KPMG niðurstöðu verkefnis um kostnaðargreiningu rekstrar og fjárfestingargetu Strætó sem unnið var fyrir stjórn.

Málið verður áfram til skoðunar hjá stjórn.

7. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum.

Fundi slitið kl. 13:10.

Fylgiskjöl:

- Innra eftirlit.
- Minnisblað um Urriðaholt.

Hjálmar Sveinsson

Gunnar Valur Gíslason

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð 24. eigendafundar Strætó bs.

**Sveinatunga, Garðatorgi 7
Mánudaginn 7. september 2020, kl. 12:30**

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogi
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ

frá stjórn Strætó bs.:

Hjálmar Sveinsson, Reykjavík
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ
Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Rósa Guðbjartsdóttir, stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

1) Forsendur og fyrstu drög að fjárhagsáætlun Strætó bs. 2021.

Hjálmar Sveinsson, formaður stjórnar Strætó bs., kynnti drög að forsendum fjárhagsáætlunar og mismunandi sviðsmyndir. Vinna við fjárhagsáætlun, þ.m.t. hvort hagkvæmt sé að endurnýja vagnaflota og að hvaða marki sé rétt að bjóða út verkefni til útvistunar, stendur enn yfir.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Eigendavettvangur samþykkir að unnið verði áfram að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2021, og hún verði tekin til umræðu á næsta eigendafundi sem boðað verður til með dagskrá.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Stjórn Strætó bs. skoði betur möguleika hvað varðar útvistun og græna fjármögnun við áframhaldandi gerð fjárhagsáætlunar.

2) Kynning á innleiðingaráætlun vegna áframhaldandi vinnu við endurskoðun stjórnsýslu byggðasamlaganna.

Páll Björgvin, framkvæmdastjóri SSH, kynnir verkefnið til þessa og þá innleiðingaráætlun sem nú liggur fyrir í drögum. Farið yfir helstu þætti sviðsmynda 2a og 2b, og þá tillögu um að greina betur verkefni byggðasamlaganna sem slík svo auðveldara sé að móta framtíðarsýn tengda einstökum sviðsmyndum. Samhliða slíkri greiningu standi til að forma betur tillögur um fulltrúaráð. Í kjölfar þeirrar vinnu verði auðveldara að ákvarða hvaða sviðsmynd verði fyrir valinu. Mikilvægt sé að sameiginleg sýn verði á því hver verkefnin eru og hver þeirra eigi hugsanlega að skilja frá byggðasamlögnum.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt er að halda áfram með verkefnið samkvæmt fyrirliggjandi innleiðingaráætlun og með hliðsjón af þeim forsendum sem fram koma í minnisblaði.

3) Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, fundarritari.



Fundargerð
25. eigendafundar Sorpu bs.

Sveinatunga, Garðatorg 7
mánudaginn 7. september, kl. 10:00

Mætt:

f.h. eigenda Sorpu bs.:

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði.
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi.
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogis.
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík.
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbær.

frá stjórn SORPU bs.:

Líf Magneudóttur, Reykjavík.
Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði.
Birkir Jón Jónsson, Kópavogsbær.
Bjarni Torfi Ástþórsson, Seltjarnarnesi.
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbær.

Enn fremur sátu fundinn Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri Sorpu bs., Haraldur Flosi Tryggvason ráðgjafi Sorpu bs., Páll Guðjónsson verkefnistjóri, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Sorpu bs. Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Dagskrá var lögð fram og gengið til dagskrár.

1. Forsendur og fyrstu drög að fjárhagsáætlun Sorpu bs. 2021.

Helgi Þór Ingason, framkvæmdastjóri Sorpu bs., kynnir helstu forsendur fjármálaáætlunar og frávik frá sviðsmyndum sem höfðu áður verið settar upp og áhrif af Covid-19. Fyrsta áfanga fjárhagsáætlunar er lokið en áfram verður unnið að henni og ætti að sú vinna að vera langt komin síðar í þessari viku. Ýmsar leiðir til skoðunar til að ná jafnvægi í fjárhagsáætlun. Urðun hjá stærri viðskiptavinum hefur



dregist saman, og úrgangur fer að einhverju leyti í brennslu erlendis sem hefur áhrif á tekjur. Verkefni töfðust nokkuð vegna Covid-19. Verið er að skoða leiðir til að draga úr kostnaði og endurskoða fjárfestingaáætlunar. Einnig er gjaldskrá til skoðunar.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Eigendavettvangur samþykkir að unnið verði áfram að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2021, og hún verði tekin til umræðu á næsta eigendafundi sem boðað verður til með dagskrá.

2. **Vinna starfshóps um móturn heildarlausnar á úrgangsmálum höfuðborgarsvæðisins – staða og framhald.**

Páll Guðjónsson verkefnisstjóri kynnir verk- og tímaáætlun sem tekur til eftirtaldra viðfangsefna:

- a) Tímabundin útflutningur brennanlegs úrgangs.
- b) Framtíðarlausn brennanlegs úrgangs.
- c) Samstarf/sameiginleg svæðisáætlun.
- d) Framtíðarlausn, urðun óvirks úrgangs.
- e) Minnkun úrgangs og sótspors.
- f) Samræmd flokkun úrgangs.

Ofangreind verkefni hafa verið í vinnslu m.a. á vegum starfshópsins sem lagði til heildstæða aðgerðaáætlun sem samþykktur var á eigendafundi 6. apríl 2020. Fyrir liggur jafnframt að taka ákvörðun um hvort starfshópurinn eigi að vinna málið áfram eða hvort hann hafi lokið sínu starfi og stjórni Sorpu bs. og eigendavettvangur taki við.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Eigendafundur samþykkir að verkefnið verði unnið í samræmi við verk-, tíma og kostnaðaráætlun, og stjórni Sorpu bs. annist verkefnið áfram. Stjórni SSH fjallar frekar um fyrirkomulag liðar e og f hér að framan og með hvaða hætti þau verkefni verði samþætt öðrum.

Þá er óskað eftir frekari og ítarlegri kynningu á næsta eigendafundi á tölfræði úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu og þeim leiðum og lausnum sem nú eru til skoðunar.

3. **Kynning á innleiðingaráætlun vegna áframhaldandi vinnu við endurskoðun stjórnsýslu byggðasamlaganna.**

Páll Björgvin, framkvæmdastjóri SSH, kynnir verkefnið til þessa og drög að innleiðingaráætlun sem nú liggur fyrir. Farið yfir helstu þætti sviðsmynda 2a og 2b, og þá tillögu um að greina betur verkefni



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

byggðasamlaganna sem slík svo auðveldara sé að móta framtíðarsýn tengda einstökum sviðsmyndum. Samhliða slíkri greiningu standi til að forma betur tillögur um fulltrúaráð. Í kjölfar þeirrar vinnu verði auðveldara að ákvarða hvaða sviðsmynd verði fyrir valinu. Mikilvægt sé að sameiginleg sýn verði á því hver verkefnin eru og hver þeirra eigi hugsanlega að skilja frá byggðasamlögum.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt er að halda áfram með verkefnið samkvæmt fyrirliggjandi innleiðingaráætlun og með hliðsjón af þeim forsendum sem fram koma í minnisblaði.

4. Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, fundarritari.



Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabær

UMHVERFIS-OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 22. september 2020
Tilv.: UMH20040040/8.11

Ráðuneytinu barst meðfylgjandi erindi frá Mosfellsbæ, dags. 3. apríl sl., varðandi mögulegar breytingar á heilbrigðiseftirlitssvæðum. Í erindinu er þess farið á leit að ráðuneytið kanni möguleikann á því að Heilbrigðiseftirlitssvæði Kjósarsvæðis verði lagt niður í núverandi mynd og að heilbrigðiseftirlit Mosfellsbæjar sameinist eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Sambærilegt erindi barst frá Seltjarnarnessbæ, dags. 5. maí sl., með ósk um að heilbrigðiseftirlit fyrir Seltjarnarnesbæ sameinist eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis eða að gerðar verði aðrar breytingar þannig að Seltjarnarnesbær verði ekki lengur hluti af Kjósarsvæði. Erindið er meðfylgjandi.

Samkvæmt 44. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal ekkert sveitarfélag vera án heilbrigðiseftirlits. Landinu er skv. 1. mgr. 45. gr. laganna skipt í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði. Ráðherra getur skv. 3. mgr. 45. gr. að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar kveðið á um sameiningu eftirlitssvæða í reglugerð. Samkvæmt 10. tölul. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 er starfssvæði Kjósarsvæðis Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Ráðuneytið óskaði eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis um framangreind erindi Mosfellsbæjar og Seltjarnarnessbæjar og barst meðfylgjandi umsögn nefndarinnar með bréfi dags. 20. maí sl. Ráðuneytið óskaði jafnframt eftir umsögn Umhverfisstofnunar um erindin og barst umsögn stofnunarinnar með bréfi dags. 22. maí sl. Ráðuneytið upplýsti Samband íslenskra sveitarfélaga um málið með tölvupósti hinn 8. maí sl. og óskaði jafnframt eftir afstöðu Kjósarhrepps sem bókaði á fundi hreppsnefndar 14. maí sl. að hreppsnefndin tæki ekki afstöðu til málsins.

Hér með er óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins um ósk Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar um að sveitarfélögunum verði bætt við starfssvæði heilbrigðiseftirlitssvæðis Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Í framhaldi af afstöðu sveitarfélagsins stefnir ráðuneytið á að funda með fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar, Kópavogsbaðar og Garðabæjar til að fara yfir málið.

Óskað er eftir því að afstaða sveitarfélagsins berist eigi síðar en 6. október nk.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Agnar Bragi Bragason

Afrit:

Samband_islenskra_sveitarfélaga
Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Samrit: Hafnafjarðarkaupsstaður og Kópavogsbær